

# Samþykktir og starfsreglur Starfsmenntunarsjóðs Félags íslenskra hljómlistarmanna

Í gildi frá 1. janúar 2025

## 1. Um sjóðinn, markmið og sjóðstjórn

### 1.1 Um sjóðinn

Sjóðurinn heitir Starfsmenntunarsjóður FÍH og er hann starfsþróunarsjóður félagsmanna. Starfsemi sjóðsins byggir á ákvæðum kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna, hér eftir nefndir samningsaðilar. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 1.2 Markmið sjóðsins

Markmið sjóðsins er annarsvegar að auka tækifæri félagsmanna til faglegrar starfsþróunar starfsþróunar og hins vegar að félagsmenn geti sótt um styrk til andlegrar og/eða líkamlegrar sjálfseflingar. Með faglegri starfsþróun er átt við að félagsmenn viðhaldi og efli færni og sérfræðipækkingu sína á sviði stjórnunar, náms og kennslu tónlistar. Jafnframt er markmið sjóðsins að efla námsefnisgerð fyrir tónlistarkennslu og rannsóknir og þróunarstarf á sviði tónlistarkennslu.

### 1.3 Stjórn sjóðsins

Stjórn Starfsmenntunarsjóðs FÍH fer með stjórn sjóðsins. Hún skal skipuð fjórum mönnum til tveggja ára í senn. Enginn stjórnarmaður skal sitja lengur en 8 ár samfelld. Tveir skulu skipaðir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir af Félagi íslenskra hljómlistarmanna. Fulltrúi FÍH í stjórn sjóðsins skal fara með formennsku.

Ákvörðun stjórnar telst lögmæt ef meirihluti stjórnarmanna greiðir henni atkvæði. Sjóðstjórn skal halda fundargerðir.

Stjórn sjóðsins kemur að jafnaði saman annan hvern mánuð.

## **2. Aðild að sjóðnum og réttur félagsmanna**

### **2.1 Aðild að sjóðnum**

Aðild að sjóðnum eiga félagsmenn í Félagi íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) sem þiggja laun vegna tónlistarkennslu samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við FÍH, og/eða starfa samkvæmt kjarasamningi Launanevndar Þjóðkirkjunnar við FÍH, FÍO/Organistadeildar FÍH og greitt er fyrir í sjóðinn.

### **2.2 Réttur til úthlutunar**

Rétt til úthlutunar eiga félagsmenn sem greitt er fyrir í sjóðinn.

Heimilt er að sækja um styrk allt að tólf mánuði aftur í tímann frá upphafi styrkhæfs verkefnis að því gefnu að til kostnaðar hafi verið stofnað á meðan greitt var í sjóðinn sbr. gr. 2.1. Öll tilskilin gögn þurfa að hafa borist innan þess tíma.

Við starfslok fellur réttur til styrks úr sjóðnum niður en félagsmaður hefur eftir sem áður 12 mánaða frest til að sækja um vegna verkefnis sem til var stofnað á meðan hann var í starfi.

### **2.3 Fæðingarorlof**

Félagsmenn sem eru í fæðingarorlofi geta viðhaldið réttindum sínum í sjóðnum enda haldi þeir félagsréttindum sínum í FÍH og mánaðarlegt framlag fæðingarorlofssjóðs samkvæmt lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof renni til FÍH sem ákvarðar nánar skiptingu gjaldsins til sjóða félagsins.

### **2.4 Launuð leyfi**

Félagsmenn sem viðhalda félagsréttindum sínum í FÍH njóta óskertra réttinda í launuðum leyfum enda renni mánaðarlegt framlag launagreiðanda til sjóðsins.

### **2.5 Launalaust leyfi**

Sjóðfélagar halda réttindum sínum í sex mánuði í launalausum leyfi.

### **2.6 Atvinnuleysi**

Félagsmenn sem eru atvinnulausir geta viðhaldið réttindum sínum í sjóðnum enda haldi þeir félagsréttindum sínum í FÍH og mánaðarlegt framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs renni til FÍH sem ákvarðar nánar skiptingu gjaldsins til sjóða félagsins.

### **2.7 Veikindi**

Félagsmenn halda réttindum sínum í sjóðnum fyrir það tímabil sem þeir fá greidda sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóði/Styrktarsjóði BHM.

### **3. Styrkhæf verkefni og styrkfjárhæð**

#### **3.1 Úthlutunarreglur fyrir A deild -Starfsþróun/einstaklingsstyrkur**

Styrkur til félagsmanna til að sækja námskeið innanlands eða utan og til ákveðinna verkefna sem teljast til starfsþróunar þeirra s.s. framhaldsnáms á háskólastigi vegna lokinna ECTS eininga og skráningar-/skólagjalda, námskeiða, einkatíma, ráðstefna og málþinga.

1. Hámarksstyrkur er 600.000 kr. á þriggja ára tímabili. Styrkur skal aldrei vera hærri en sem nemur þeim kostnaði sem kennari hefur þurft að bera sjálfur vegna starfsþróunar og samkvæmt framlögðum reikningum. Sjóðurinn styrkir náms- og þátttökugjöld, ferðir gistingu og uppihald. Styrkur vegna uppihalds reiknast að hámarki 10.000 fyrir hvern heilan dag sem starfsþróun tekur yfir og námskeið eru fjarri heimahögum. Tilgreina þarf tímalengd námskeiðs og sækja um að uppihaldskostnaður sé greiddur. Til uppihalds teljast máltíðir/matarinnkaup þá daga sem endurmenntun stendur og skal sá kostnaður sundurliðaður í umsókn.
2. Hægt er að fá hámarksstyrk þriðja hvert ár. Dreifa má styrk á allt að 3 ár.
3. Einungis skal styrkja einstaklinga, en ekki félög. Hins vegar geta félög auglýst að sjóðurinn styrki félagsmenn vegna þátttöku, í samræmi við reglur sjóðsins.
4. Sjóðstjórn leitast við að úthluta styrkjum jafnharðan og fullnægjandi gögn berast. Skilyrði fyrir úthlutun er að umsókninni fylgi reikningar fyrir öllum útlögðum kostnaði. Mikilvægt er að á reikningum komi fram stutt skilgreining á námi og fræðsluaðila, sundurliðun kostnaðar, dagsetningar og tímalengd námskeiðs.
5. Ef margar umsóknir berast sjóðnum í einu, er sjóðstjórn heimilt að skerða styrki með hliðsjón af fjárhagsstöðu sjóðsins.

#### **3.2 Úthlutunarreglur fyrir B deild - Námsefnisgerð, rannsóknar- og þróunarverkefni.**

Sjóðstjórn er heimilt að veita sem nemur sex hámarksstyrkjum á ári úr B deild vegna námsefnisgerðar og einum hámarksstyrk vegna rannsóknar- og þróunarverkefna. Ef ekki berst umsókn vegna rannsóknar og þróunarverkefna má bæta þeirri upphæð við styrki til námsefnisgerðar.

Veittir eru styrkir allt að 1.000.000 kr. sem er hámarksstyrkur.

Sjóðstjórn getur ákveðið að veita ekki styrki úr B deild með hliðsjón af fjárhagsstöðu sjóðsins. Umsóknir eru afgreiddar einu sinni á ári. Umsóknarfrestur er til 1. desember ár hvert.

Umsóknum skal svarað fyrir 1. febrúar árið eftir.

### **Í umsókn um styrk úr B deild skal eftirtalið koma fram:**

1. Almennar upplýsingar um umsækjanda.
2. Nöfn annarra þátttakenda og samstarfsaðila, ef einhverjir eru.
3. Upplýsingar um menntun og fræðilegan bakgrunn umsækjanda.
4. Upplýsingar um fyrri verk á sviði námsefnisgerðar, rannsóknar- og þróunarverkefna.
5. Greinargóð lýsing á verkefninu, markmiðum þess og þýðingu.
6. Upplýsingar um gildi verkefnis. Er t.d. þörf fyrir verkefnið og bætir það einhverju við það efni sem þegar er á boðstólum.
7. Lýsing á þeirri aðferðafræði/hugmyndafræði sem liggur að baki verkefninu.
8. Tímasett verkáætlun.
9. Greinargóðar upplýsingar um áætlaðan kostnað og tekjur verkefnis.
10. Upplýsingar um hvort sótt hafi verið um aðra styrki til sama verkefnis.

Með umsókn skal fylgja greinargerð og drög að verkefninu/námsefninu. Drögin skulu sýna helstu efnistöð, skýr dæmi um uppsetningu og frágang og sýna fram á að fagmennska einkenni verkefnið og að það sé styrkhæft í samræmi við reglur sjóðsins.

### **Mat á umsóknum í B deild**

Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

1. Gildi og mikilvægi verkefnisins fyrir tónlistarkennslu á Íslandi.
2. Faglegum vinnubrögðum varðandi efnistöð og frágang verkefnis.
3. Að verkefnið hafi gildi fyrir tónlistarkennslu og/eða skólaþróun og uppfylli þörf sem er til staðar.
4. Að verkefnið feti nýjar slóðir t.d. hvað varðar skapandi tónlistarstarf og notkun nýrra miðla í tónlistarkennslu.
5. Líkum á því að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum er verkefnið miðar að.
6. Starfsferli og faglegum eða fræðilegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda.
7. Að umsókn sé skýr, greinargóð og vel frágengin.

Stjórn starfsmenntunarsjóðs FÍH getur leitað umsagnar fagaðila ef þörf er talin á því.

Umsóknir um styrk úr B deild skulu berast fyrir 1. desember ár hvert og umsóknum verður svarað fyrir 1. febrúar árið eftir. Hámarksstyrkur er kr. 1.000.000 og greiðist fjórðungur styrkuppþæðar þegar umsókn er samþykkt og eftirstöðvar þegar fullunnu

verkefni er skilað til stjórnar sjóðsins samkvæmt verkáætlun. Réttur til greiðslu fyrnist ef umbeðnum gögnum er ekki skilað í samræmi við verkáætlun.

Hver umsækjandi getur aðeins sótt um styrk til eins verkefnis árlega. Hafi umsækjandi áður hlotið styrk úr b – deild telst hann ekki styrkhæfur nema fyrra verkefni sé lokið.

Geta skal þess í öllu útgefna efni að sjóðurinn hafi styrkt útgáfuna.

### **3.3 Úthlutunarreglun fyrir C deild. – Hóp- og kynnisferðir tónlistarskólakennara.**

Styrkur til einstaklinga sem veittur er til hóp- og kynnisferða innanlands og erlendis.

Skilyrði styrkveitingar er að staðfest dagskrá frá skipuleggjanda og/eða móttökuaðila liggja fyrir og dagskrá standi samtals a.m.k. yfir í einn dag. Styrkveiting nær til eftirfarandi kostnaðarpátta sem falla til vegna ferðar: Námskeiða innanlands eða utan, skráningargjalda námskeiða, ráðstefna og málþinga, ferða- og gistikostnaðar og upphalds. Sjóðurinn greiðir fyrir gistinætur sem sannanlega varða ferðina (námskeiða, ráðstefna, málþinga, skólaheimsókn/kynnisferða) auk einnar viðbótarnætur ef þannig háttar til s.s. vegna ferðatilhögunar. Styrkur vegna upphalds er að hámarki 10.000 kr. á dag og greiðist gegn framvísun reikninga/kvittana fyrir þá daga sem starfspróunin stendur yfir. Til upphalds teljast máltíðir/matarinnkaup þá daga sem endurmenntun stendur og skal sá kostnaður sundurliðaður í umsókn.

Hámarksstyrkur á hvern einstakling er 200.000 kr. á tveggja ára tímabili.

Í hópferð skal vera einn ábyrgðarmaður sem sér um samskipti við starfsmenntunarsjóðinn. Áður en farið er skal hann senda inn upplýsingar um fyrirhugaða hópferð. Ábyrgðarmaður heldur utan um sameiginlegan kostnað félagsmanna vegna ferðarinnar og ber ábyrgð á að starfspróunarverkefni ferðarinnar standist kröfur sjóðsins.

Ábyrgðarmaður ferðar skal senda eina staðfestingu á þátttöku fyrir allan hópinn, ásamt dagskrá ferðar og kostnaðaryfirliti fyrir allan hópinn. Staðfestingu þarf að fylgja:

- a. Greinargerð frá ábyrgðarmanni um tilgang og markmið ferðar.
- b. Tímasett dagskrá ferðar.
- c. Staðfesting móttökuaðila.
- d. Lista yfir þátttakendur (nafn, kennitala, skóli, stéttarfélag).
- e. Kostnaðaryfirlit sem tilgreinir sameiginlegan kostnað þátttakenda.
- f. Kvittanir fyrir öllum sameiginlegum kostnaði sem til fellur vegna ferðar.

Þegar upplýsingar frá ábyrgðarmanni liggja fyrir getur félagsmaður sent umsókn sína til sjóðsins. Ef félagsmaður ber viðbótarkostnað vegna ferðar skal hann gera grein fyrir því í sinni umsókn og skila inn kvittunum fyrir honum.

### **3.4 Einstaklingur sem ekki á rétt á hópstyrk getur nýtt sér styrk úr A deild sjóðsins að hámarki 200.000 kr. annað hvert ár til hóp og kynnisferða.**

### **3.5 Úthlutunarreglur fyrir D deild – Styrkir til að standa fyrir ráðstefnum og námskeiðum.**

Veitir félagsmönnum styrk vegna útlagðs kostnaðar styrkþega vegna ráðstefnu- og/eða námskeiðshalds. Sjóðsstjórn er heimilt að veita sem nemur sex hámarksstyrkjum úr D deild á ári. Hámarksstyrkur í einstök verkefni er kr. 500.000. Veittir eru styrkir til einstakra félagsmanna eða hópa félagsmanna, faghópa og nefnda innan FÍH til að halda námskeið eða ráðstefnur fyrir félagsmenn. Hægt er eftir atvikum að sækja um fyrir hluta kostnaðar eða heildarkostnaði. Í umsókn skal gera grein fyrir öllum kostnaði, tekjuáætlun og styrkjum. Ef styrkveiting dugir fyrir heildarkostnaði skal ráðstefnan/námskeiðið haldið félagsmönnum að kostnaðarlausu.

Styrkfjárhæð er greidd í samræmi við framlagða reikninga og ákvörðun sjóðsstjórnar um styrkfjárhæð.

Að loknu verkefni skal skila stuttri greinargerð til sjóðsins.

Sjóðsstjórn getur ákveðið að veita ekki styrki úr D deild með hliðsjón af fjárhagsstöðu sjóðsins.

### **3.6 Úthlutunarreglur fyrir E deild – ECTS einingar**

3.6.1 Úr E deild sjóðsins eru veittir styrkir vegna háskólanáms sem nýtist í starfi. Styrkur miðast við fjölda lokinna ECTS eininga allt að 180 ECTS einingum, einu sinni á starfsferlinum.

3.6.2 Greiddur er styrkur sem nemur 5.000 kr. fyrir hverja lokna ECTS einingu eða að hámarki 900.000 kr. fyrir 180 ECTS einingar.

3.6.3 Styrkir skulu greiddir eftir á og eftir að umsókn með staðfestum einingafjölda hefur borist sjóðnum. Til staðfestingar á loknum ECTS einingum skal umsækjandi leggja fram námsferilsyfirlit frá viðkomandi háskóla sem sýnir fram á lokna námsáfanga, heiti og námskeiðsnúmer, vegna þeirra ECTS eininga sem sótt er um styrk fyrir. Umsækjendur verða að sækja um og skila inn námsferilsyfirliti sem sótt er um styrk fyrir eigi síðar en 12 mánuðum frá lokum viðkomandi námsáfanga.

### **3.7 Úthlutunarreglur fyrir F deild – Andleg og/eða líkamleg sjálfsefling**

3.7.1 Hver félagsmaður getur sótt um einstaklingsbundinn styrk til andlegrar og/eða líkamlegrar sjálfseflingar. Styrkurinn getur t.d. verið vegna tómsunda- og líkamsræktarnámskeiða, sjálfsstyrkingarnámskeiða, áskrifta að starfstengdum vefsíðum eða efnisveitum, fagbóka og fagtímarita.

Aðeins er hægt að sækja um styrki vegna námskeiða sem sótt eru innanlands, þ.m.t. fjarnámskeið hvort sem þau eru haldin af innlendum og/eða erlendum námskeiðshaldara.

Eingöngu er hægt að sækja um styrk vegna viðburða/námskeiða sem haldin eru og greitt er fyrir eftir 1. ágúst 2021. Ef félagsmaður hefur fullnýtt F deild er **ekki** hægt að sækja um viðbótarkostnað í A deild.

3.7.2 Hámarksstyrkur er 60.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili og endurnýjast réttur félagsmanns árlega þann 1. september. Styrkurinn skerðir ekki möguleika á styrkveitingu úr öðrum deildum sjóðsins.

3.7.3 Umsókn skal fylgja sundurliðað yfirlit útgjalda auk kvittana eða afrit reikninga á nafni félagsmanns.

### **3.8 Styrkfjárhæð**

Styrkfjárhæðir eru endurskoðaðar af sjóðstjórn a.m.k. árlega og lagðar fram til staðfestingar hjá samningsaðilum.

Aldrei eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum/staðfestingum.

## **4. Afgreiðsla umsókna og framkvæmd styrkveitinga**

### **4.1 Umsóknir og fylgigögn**

Umsóknum og fylgigögnum, sbr. grein 4.6, skal skila til sjóðsins með rafrænum hætti í gegnum heimasíðu FÍH.

### **4.2 Afgreiðsla umsókna**

Stjórn sjóðsins afgreiðir umsóknir samkvæmt samþykktum og reglum þessum og í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar þegar fullnægjandi gögn hafa borist sjóðnum. Stjórn sjóðsins sker úr um vafaatriði um styrkhæfi umsókna.

Á grundvelli framlagðra gagna tekur sjóðsstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk umsækjandi fær.

Félagsmenn fá tilkynningu þegar umsókn hefur verið móttækin og afgreidd.

### **4.3 Frágangur umsókna**

Vanda skal frágangur umsókna, rökstyðja hvernig styrkurinn nýtist til faglegrar starfsþróunar og auki sérfræðipækkingu félagsmanna á sviði náms og kennslu. Ófullnægjandi umsóknum er hafnað. Skila þarf gildum kvittunum fyrir öllum kostnaði sem sótt er um styrk fyrir.

### **4.4 Við mat á umsóknum**

Meta skal umsóknir út frá því hvort verkefni/nám uppfylli kröfur um faglega starfsþróun og nýtist félagsmönnum (félagsfólki) í starfi. Ákvörðun sjóðstjórnar í þessum málum er endanleg. Rísi upp ágreiningur um tengsl styrkveitingar við starf félagsmanna getur sjóðstjórn óskað eftir staðfestingu frá þar til bærum aðilum.

<b>Ekki eru veittir styrkir til námskeiða sem að mati sjóðsstjórnar falla ekki undir markmið sjóðsins.</b>
--

#### **4.5 Greiðslur**

Styrkir eru greiddir út í samræmi við framkvæmd styrkveitinga í mismunandi deildum sjóðsins, samkvæmt framvísun kvittana fyrir kostnaði, staðfestingu um dagskrá, þátttöku og/eða lokinna ECTS eininga. Kvittanir mega ekki vera eldri en 12 mánaða og ECTS einingar ekki eldri en 12 mánaða frá því að námsáfangi lýkur.

Umsækjandi ber ábyrgð á að skila inn tilskildum gögnum rafrænt til sjóðsins. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til þess að óska eftir frumritum reikninga.

Styrkir úr sjóðnum eru greiddir út eins fljótt og auðið er. Forsenda greiðslu er að stjórn sjóðsins hafi samþykkt umsókn og að greiðslustaðfesting og umbeðin gögn séu móttækin. Staðfesta ber kostnað og þátttöku í námi með greiðslukvittunum. Gögnum er skilað rafrænt með umsókn á umsóknarsíðu sjóðsins.

#### **4.6 Greiðsla styrkja**

A deild. Styrkir vegna námskeiða, ráðstefna og málþinga eru afgreiddir skv. framvísun kvittana fyrir kostnaði ásamt dagskrá/námskeiðslýsingu.

B deild. Styrkir vegna námsefnisgerðar. Við upphaf samþykks verkefnis er greiddur fjórðungur heildastyrkfjárhæðar. Eftirstöðvar eru greiddar þegar fullunnu verkefni er skilað til stjórnar sjóðsins í samræmi við verkáætlun.

C deild. Styrkir vegna skipulagðra skólaheimsókna og kynnisferða eru afgreiddir samkvæmt staðfestingu ábyrgðarmanns, enda skili hann inn kvittunum og öðrum gögnum skv. grein 3.3 Styrkir eru ekki greiddir fyrr en að ferð lokinni og fylgiskjöl hafa borist.

D deild. Styrkir til að standa fyrir ráðstefnum og námskeiðum

E deild. Styrkir eru greiddir eftir að umsókn með staðfestum einingafjölda hefur borist.

F deild. Styrkir eru greiddir gegn framvísun kvittana/reikninga

Styrkfjárhæð er greidd í samræmi við framlagða reikninga og ákvörðun sjóðsstjórnar um styrkfjárhæð.

#### **4.7 Tilkynning um greiðslu styrks**

Þegar styrkur hefur verið greiddur er afgreiðslan tilkynnt félagsmanni með tölvupósti.

#### **4.8 Fyrning styrkveitinga**

Réttur til greiðslu samkvæmt ákvörðun stjórnar fyrnist ef félagsmenn hafa ekki skilað umbeðnum gögnum (s.s. reikningum og staðfestingum) innan 12 mánaða frá upphafi styrkhæfs verkefnis sbr. grein 2.2 eða samkvæmt verkáætlun vegna umsóknar í C deild.



#### **4.9 Vangreiðsla eða ofgreiðsla styrks**

Ef mistök verða í afgreiðslu styrkumsóknar eða greiðslu styrks munu starfsmenn sjóðsins leitast við að leiðrétta mistökin eins fljótt og hægt er. Ef félagsmenn hafa fengið ofgreidda styrkupp hæð ber þeim að tilkynna sjóðnum mistökin og endurgreiða ofgreidda styrkupp hæð þegar í stað.

### **5. Tekjur sjóðsins**

#### **5.1 Framlag vinnuveitanda**

Framlag vinnuveitanda til sjóðsins nemur 1,82% og er greitt ofan á föst dagvinnulaun félagsmanna FÍH, samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hljómlistarmanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

#### **5.2 Vaxtatekjur**

Sjóðurinn er ávaxtaður á þann hátt sem FÍH telur hagkvæmast á hverjum tíma.

### **6. Rekstur sjóðsins og endurskoðun**

#### **6.1 Þjónustusamningur**

FÍH annast rekstur sjóðsins og varðveitir. Gerður er þjónustusamningur á milli stjórnar Starfsmenntunarsjóðs og Félags íslenskra hljómlistarmanna vegna umsýslu með sjóðinn.

#### **6.2 Ársreikningur**

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Þeir skulu áritaðir af stjórn sjóðsins og birtir opinberlega.

#### **6.3 Upplýsingar til skattfirvalda**

Í byrjun árs eru sendar upplýsingar til skattfirvalda þar sem gerð er grein fyrir styrkþegum og styrkupp hæðum næstliðins árs. Félagmenn bera ábyrgð á því að varðveita frumrit reiknings vegna þess kostnaðar sem styrkur hefur fengist fyrir og afhenda skattfirvöldum sé þess óskað.

### **7. Skýrsla og samráðsfundur stjórnar með samningsaðilum**

#### **7.1 Samráðsfundur sjóðstjórnar og samningsaðila**

Stjórn sjóðsins skal funda fyrir lok apríl ár hvert með fulltrúum samningsaðila þar sem farið er yfir framkvæmd og rekstur sjóðsins. Stjórn sjóðsins skipuleggur og boðar til þessara funda.

#### **7.2 Skýrsla stjórnar**

Stjórn sjóðsins skal leggja fram skýrslu um starfsemi og stöðu sjóðsins á árlegum samráðsfundi.

## **8. Breytingar á samþykktum og reglum um Starfmenntunarsjóð FÍH, slit og gildistaka**

### **8.1 Breytingar á samþykktum og reglum um Starfmenntunarsjóðs FÍH**

Tillögur samningsaðila um breytingar á samþykktum og reglum þessum má því aðeins taka fyrir að þær hafi borist stjórn sjóðsins til kynningar þremur vikum fyrir árlegan samráðsfund samkvæmt grein 7.1. Enn fremur skal stjórn sjóðsins minnst þremur vikum fyrir samráðsfund senda samningsaðilum tillögur um breytingar á samþykktum og reglum sjóðsins.

Miði tillaga að breytingum sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu styrkja skal fylgja úttekt á afleiðingum breytinganna á gjaldhæfi sjóðsins.

Samningsaðilar taka ákvarðanir um breytingar á samþykktum og reglum þessum að undangenginni kynningu til stjórnar Starfmenntunarsjóðs FÍH.

### **8.2 Gildistaka breytinga**

Breytingar á samþykktum og reglum þessum verða ekki gerðar nema að undangengnu samþykki og staðfestingu stjórnar Félags íslenskra hljómlistarmanna og kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Breytingar sem mælt er með skulu samþykktar af samstarfsnefnd.

### **8.3 Slit á sjóðnum**

Ákvörðun um slit á sjóðnum er í höndum félagsmanna og samstarfsnefndar. Til að slíta sjóðnum þarf að lágmarki 75% greiddra atkvæða meðal félagsmanna og samþykki samstarfsnefndar.

### **8.4 Skipting eigna og ráðstöfun fjármuna við slit á sjóðnum**

Að lokinni atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna FÍH um slit sjóðsins skal ráðstöfun eigna annarra en fjármuna fara fram með þeim hætti að eignir renna til verkefna eða nýrra sjóða sem kunna að verða stofnaðir á vegum FÍH. Eignir færast til að undangengnu verðmati þriðja aðila. Við slit ráðstafar stjórn fjármunum sem til eru í sjóðnum í samræmi við tilgang hans, að teknu tilliti til greiðslu skulda og reksturs, með þeim hætti að fjármunir gangi til félagsmanna eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnar þar til sjóðurinn telst að fullu tæmdur.

## **9. Gildistaka**

Samþykktir og reglur þessar tóku gildi þann 1. janúar 2025 að fenginni staðfestingu samningsaðila.

Samþykkt samhljóða á fundi samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna þann 13. mars 2025.